

ATHUGASEMDIR

Rauða kross Íslands við frumvarpi til laga um breytingu á lögum um útlendinga.

Rauði kross Íslands óskar eftir því að koma að eftirfarandi athugasemdum við stjórnarfrumvarp sem lagt var fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi, um breytingu á lögum um útlendinga nr. 96 15. maí 2002 m.s.br.

Rauði kross Íslands gerði ýmsar athugasemdir til allsherjarnefndar Alþingis við frumvarp það sem varð að lögum nr. 96/2002 svo og til dómsmálaráðuneytisins varðandi drög að frumvarpi til laga um útlendinga.

Vísar Rauði kross Íslands til þeirra athugasemda að því leyti sem ekki var tekið tillit til þeirra er löggin voru samþykkt, en Rauði kross Íslands telur nauðsynlegt að löggin sæti sífældri endurskoðun vegna þeirra öru breytinga sem eru á lagaumhverfi Evrópulandanna og sérstaklega með tilliti til aukins fjölda hælisleitenda og flóttamanna.

Alþjóðahús, sem Reykjavíkurborg Rauða krossins sér um rekstur á, hefur gert margvíslegar athugasemdir við frumvarpið sem Rauði kross Íslands tekur undir og vísar til þeirra í heild.

Ákvæði 13. og 14. gr. frv. eru allra góðra gjalda verð, en tilfinnanlega skortir í löggin ákvæði um meðferð hælisumsókna barna án fylgdar foreldra eða forsjáradíla, bæði hvað varðar form og efni. Ákvæði i reglugerð um börn eru að mati Rauða krossins alls ófullnægjandi.

4. gr. frv.

Þessari grein frumvarpsins er ætlað að rýmka þann tíma sem yfirvöld hafa til þess að hefja rannsókn svo þau geti beitt ákvæðum laganna um frávísun. Almennt séð verður að telja það mjög bagalegt að rannsókn mála dragist og hugsanlegt er að ákvæðið leiði til þess að rannsókn hefjist síðar en ella. Þrátt fyrir þetta ákvæði er engu að síður til staðar heimild til þess að brottvísa útlendingi í ólöglegri dvöl sbr. 5. gr. frv., en sú heimild var ekki fyrir hendi.

Breytingin tengist 5. gr. frv. um heimild til brottvísunar útlendinga í ólöglegri dvöl. Kann þetta sérstaklega að bitna á hælisleitendum, sem nær undantekningalaust dveljast ólöglega í því landi sem þeir koma til og sækja um hæli í.

Þannig hefur breytingin í för með sér heimild yfirvalda til að beita mun strangari úrræðum en áður og skyldar t.d. yfirvöld að beita brottvísun með tilheyrandi endurkomubanni hefjist meðferð máls ekki innan frestsins.

Að mati Rauða krossins hefði mátt setja undir þennan leka með því að kveða á um það að ákvæði laganna um frávísun skuli beitt varðandi útlendinga í ólöglegri dvöl án tillits til tímafrests og/eða skilyrða ákvæðið á þann hátt að það gildi um hælisleitendur. Það mat sem stjórnvöldum er gefið til þess að beita frávísun í stað brottvísunar, er allt of almennt og ónákvæmt, en í athugasemdum með frumvarpinu er það bundið við það hvort stjórnvöld telji það sanngjarnt eður ei.

Þá verður að hafa hér í huga að það er ekki á færi viðkomandi að ákveða hvenær meðferð hefst, heldur þess sama aðila og hefur umræddar valdheimildir.



5. gr frv.

Heimild til að brottvísa útlendingi sem dvelur ólöglega hér á landi án tillits til tímafrests. Sjá hér athugasemdir við 4. gr. frv. og sérstaklega varðandi hælisleitendur þar sem brottvísun fylgir ávallt endurkomubann.

8. gr. frv.

Með ákvæðinu er miðað að því að útlendingur (hælisleitandi) eigi ekki rétt á að honum sé skipaður talsmaður við kæru á synjun, byggi hún á d- og e-lið 46. gr. laganna, þ.e. að um umsókn hans verði fjallað í öðru landi.

Hælisleitandi sem kemur hingað til lands kann að hafa gildar og ríkar ástæður fyrir því að sækja hér um hæli umfram önnur lönd sem hann hefur komið til á ferðaleið sinni, eða fengið útgefna vegabréfsáritun hjá. Gæta verður þess að íslensk yfirvöld hafa ávallt heimild til að taka sérhverja hælisumsókn til efnislegrar meðferðar þó ákvæði d- og e-liðar nefndrar greinar kunni að eiga við umsækjanda.

Getur það þannig varðað umsækjanda miklu að fá sérfræðiaðstoð við þessar aðstæður, sérstaklega þegar lítið er til þess að kæra frestar ekki framkvæmd framsendingar hans til annars lands.

Með þessu er hælisleitandi sviptur öllum raunhæfum úrræðum til að fá hnekk ákvörðun stjórnvalds, þegar talsmanns nýtur ekki við.

Þá er sérstaklega bent á 2. mgr. 46. gr. laganna um mat á endursendingu flóttamanns með vísan til d- og e- liðar greinarinnar.

15. gr. frv.

Heimild lögreglu til að leggja hald á fjármuni til greiðslu fjárkröfu sbr. nánari útlistun í 56. gr. laganna.


Heimild lögreglu til haldlagningar skv. lögum um meðferð opinberra mála tengist rannsókn á refsiverðum verknaði. Fjármunir sem útlendingur kann að hafa á sér þurfa ekki á nokkurn hátt að tengjast refsiverðum verknaði, en fjárkrafa sem stofnast til handa íslenska ríkinu vegna kostnaðar við brottför útlendingis er almenn fjárkrafa.

Einnig er sérstaklega kveðið á um það að slík krafa sé aðfararhæf.

Mjög varhugavert er að þessi heimild sé sett í lög þar sem henni er einungis ætlað að tryggja greiðslu á kröfu er lýtur almennum reglum fjármunaréttarins.

Með ákvæðinu er íslenska ríkinu veitt hagræði fram yfir aðra kröfuhafa útlendingis til að fá fullnægju kröfu sinnar. Að mati Rauða krossins kann heimild þessi að orka mjög tvímælis.

Virðingarfyllst



Sigrún Árnadóttir
framkvæmdastjóri